



Í gær kom fyrsta sendingin af kartöflum úr Mýrdalnum. Þær Anna Berglind Indriáadóttir og Ágústa Þorbergsdóttir, starfsmenn Ágæti fékk í gær 12 tonna kartöflusendingu úr Mýrdalnum. Að sögn Ólafs Stefáns Sveinssonar, fjármála- stjóra, eru erlendir kartöflur uppurnar og verður framboð af skornum skammti út vikuna. Einn bóndi í Þykkvabænum er farinn að taka upp, en eftir verslunarmanna- helgi fylgja fleiri í kjölfarið.

Morgunblaðið/Þorkell

Íslensku kartöflurnar komnar í verslanir

FYRSTU íslensku kartöflurnar í ár eru komnar á markað. Ágæti fékk í gær 12 tonna kartöflusendingu úr Mýrdalnum. Að sögn Ólafs Stefáns Sveinssonar, fjármála- stjóra, eru erlendir kartöflur uppurnar og verður framboð af skornum skammti út vikuna. Einn bóndi í Þykkvabænum er farinn að taka upp, en eftir verslunarmanna- helgi fylgja fleiri í kjölfarið.

Mýrdalskartöflurnar voru ræktaðar undir akrýl-dúk. Það flýttir þroskanum og ekki hefur gott veðurfar spilt fyrir. Tegundirnar eru gullauga, sem kostar 73 krónur kíló í heildsölu, og premier, sem kostar 63 krónur kíló í heildsölu. Í dag fær Ágæti kartöflu-

sendingu frá bónda í Þykkvabænum. Aðspurður um gæði íslensku kartöflunnar gaf Ólafur þeim góða einkunn.

Starf bæjarstjóra í Vestmannaeyjum:

Annar umsækjandi dró umsókn sína til baka

ANNAR tveggja umsækjenda um starf bæjarstjóra í Vestmannaeyjum hefur dregið umsókn sína til baka. Báðir umsækjendurnir ósk- uðu nafnleynðar.

Á fundi bæjarráðs á mánudaginn var ákveðið að framlengja umsóknar- frestinn um starfið til 15. ágúst nk. Páll Zophoníasson tæknifræðingur gegnir starfi bæjarstjóra í Vestmanna- eyjum þar til ráðið verður í starfið.

— Hkj.

Skrifstofan hjá EB opnar í nóvember

MATTHÍAS Á. Mathiesen, utan- ríkisráðherra, hefur ákveðið að opna nýja skrifstofu við sendiráð Íslands í Brussel. Jafnframt verður skipaður sérstakur vara- fastafulltrúi hjá EB og aðrir starfsmenn ráðnir á skrifstof- una, sem verður opnuð í nóvember. Einn sendiherra verður eftir sem áður í Brussel en sendiráð- inu verður skipt í tvær skrifstof- ur. Verður önnur fyrir fasta- nefndina hjá Atlantshafsbanda- laginu en hin fyrir sendiráðið í Belgíu og Lúxemborg og annast samskiptin við EB. Þá verður umdæmi sendiráðsins í Brussel breytt þannig að Grikkland verður framvegis í umdæmi sendi- herrans í Bonn.


Matthías Á. Mathiesen, utanrik- isráðherra, sagði í samtali við Morgunblaðið í gær, að helmingur af utanríkisviðskiptum Íslendinga

væri við ríki EB eftir að Spánn og Portúgal gerðust aðilar að banda- laginu. Stóraukið samstarf ríkja EB á flestum sviðum kalli á viðbrögð þeirra Evrópuríkja, sem standi utan bandalagsins. Íslendingar verði að gera sér grein fyrir með hvaða hætti hyggilegast sé að bregðast við þessu aukna samstarfi. Mikil- vægur þáttur í því væri stöðug upplýsingaöflun og traust samskipti við höfuðstöðvar bandalagsins í Brussel.

Kjarvalsstaðir:

Verk Picasso áfram til sýnis

ÁKVEÐIÐ hefur verið að fram- lengja sýningunni á verkum Picasso á Kjarvalsstöðum til 10. ágúst. Hátt í tólf þúsund manns hafa séð sýninguna frá því hún var



opnuð 31. maí sl. Sýningin kemur úr einkasafni ekkju listamannsins, Jacqueline, en hún var viðstödd opnun sýningarinnar í vor.

Skattbyrði einstaklinga hækkar vegna ónákvæmrar skattvísitölu:

Vil kannna þann kost að taka upp staðgreiðslukerfi skatta

— segir Þorsteinn Pálsson fjármálaráðherra

„SKATTVÍSITALAN er ákveðin á fjárlögum og er þá tekið mið af spá Þjóðhagssöfnunar um tekjupróun. Því fylgir auðvitað áhætta fyrir báða aðila, bæði gjaldendur og ríkissjóð, því standist spáin ekki hagnast annar en hinn tapar. Annaðhvort verða menn að sætta sig við þessa óvissu eða breyta kerfinu og taka upp staðgreiðslu- kerfi skatta. Ég hef hug á því að láta kannna möguleika á slíkri kerfisbreytingu mjög fljóttlega,“ sagði Þorsteinn Pálsson fjármála- ráðherra í samtali við Morgunblaðið í gærkvöldi.

Eins og skýrt er frá á baksíðu blaðsins í dag er skattbyrði ein- staklinga þyngrin en ráð var fyrir gert vegna þess hve illa skattvísitalan speglar launaþróun á árinu 1986. Skattvísitalan milli árána 1985 og 1986 var hækkuð um 36%, en við úrvinnslu skattframtala reyndust tekjur ársins 1986 hafa

hækkað um tæp 43% frá fyrra ári. Skattvísitalan er notuð til að hækka þrep tekjuskattstigans milli ára. Árið 1984 var fyrsta þrepíð bundið við tekjur upp að 200 þúsund krón- um. Þetta þrep hækkaði um 36% fyrir árið 1986, eða upp í 272 þús- und. Ef spáin um launaþróunina hefði verið rétt hefði fyrsta þrepíð

hins vegar hækkað um 43%, eða upp í 286 þúsund.

Þorsteinn sagði að fyrri umræður um að taka upp staðgreiðslukerfi skatta hefðu fyrst og fremst strand- að á ótta manna við að skattbyrðin myndi þyngrast við það. „Þetta átti einkum við þegar verðbólgan var mikil, en nú með breyttu verðbólgu- stigi, sem vonandi verður til frambúðar, er ástæða til að gefa þessu máli gaum aftur,“ sagði Þor- steinn.

Þorsteinn sagðist ekki sjá fram á að svigrúm myndi skapast í bráð til að draga úr tekjuskattinum. „Þótt tekjuskatturinn sé ekki stórt hlutfall af heildartekjum ríkisins er

hér um umtalsverðar fjárhæðir að ræða, sem ríkið getur ekki orðið af án þess að draga stórkostlega úr útgjöldum,“ sagði hann. Þor- steinn sagði að frekar kæmi til greina að breyta skattstiganum, jafnvel þannig að um eitt eða tvö þrep yrði að ræða í stað stig- hækkingar skatts. „Það er greinilegt að skattbyrðin er mest hjá þeim gjaldendum sem falla með hluta tekna sinna í hæsta flokk. Sá hópur telur aðeins 13% gjaldenda, en tekjuskatturinn sem á þann hóp er lagður er tæplega 68% af heildar- tekjuskatti einstaklinga,“ sagði Þorsteinn Pálsson fjármálaráð- herra.

Eigendur loðnuverksmiðja:

Bíða með aðgerðir fram yfir fund með ráðherra

Aðeins tveir bátar á miðunum. Landa engri loðnu ef verðið lækkar, segir Sverrir Leósson eigandi Súlnnar EA

ÞRÍR bátar hafa landað loðnu, og sneru aðeins tveir þeirra, Súlan EA 300 og Gíslí Árni RE 375, aftur á miðin í gær. Jón Kjartansson SU 111 liggur hins vegar við festar á Eskifirði og eigandi hans hefur lýst því yfir að hann fari ekki aftur út fyrr en nýtt verð hefur verið ákveðið. Á laugardag funduðu eigendur loðnuverksmiðja í Félagi fiskmjólsframleiðenda, vegna óánægju þeirra með of hátt loðnuverð. Stjórn félagsins gengur á fund sjávarútvegsráð- herra í dag.

Eins og fram hefur komið í fréttum Morgunblaðsins telja margir eigendur loðnuverksmiðja sér ekki fært að greiða lágmarks- verðið, 1.900 krónur fyrir tonnið miðað við 16% fituinnihald og 15% þurrrefnisinnihald. Á fundinum á laugardag var ákveðið að fela stjórn félagsins að kynna sjávar- útvegsráðherra sjónarmið loðnu- bræðslunnar. „Verðinu var mótmælt af fulltrúum okkar strax


og það var ákveðið. Töldum við það algjörlega út í hött miðað við markaðsaðstæður í dag,“ sagði Jón Reynir Magnússon, forstjóri Síldarverksmiðja ríkisins. „Við ætlum að leggja það í hendur ráðherra hvað hægt er að gera í stöðunni.“

Kaupendur og seljendur greinir á í þessu efni. Sveinn Hjörtur Hjartarsson, hagfræðingur LÍÚ, taldi að staðið hefði verið að verð- ákvörðuninni með eðlilegum hætti. „Ég ætlast til þess að kaup- endur virði þær leikreglur sem gilda, og þeir áttu þátt í því að skapa. Verðið var ákveðið eftir tvo fundi, og í upphafi buðum við þann kost að það yrði gefið frjálst. Kaupendur tóku sér fjögurra daga umhugsunarfrest til að kanna við- horf sinna umbjóðenda. Þeir höfnuðu síðan frjálstri verðlagn- ingu. Verðlagnsráðið hefði aldrei komist að samkomulagi um 1.900 krónu lágmarksverð nema vegna þess að Síldarverksmiðjur ríkisins lýstu því yfir að þær væru til-

búnar til að borga sama verð og Krossanes-verksmiðjan.“

Jón Reynir sagði að verðákvörðunin hefði verið tekin með of skjóttum hætti. Heyrst hefði að framkvæmdastjóri verk- smiðjunnar á Raufarhöfn ætlaði ekki að greiða lægra verð fyrir afla Gísla Árna en aðrar loðnu- bræðslur (Krossanesverksmiðjan) hefðu ákveðið að borga. Með þessu hefði ákvörðunin verið keyrd í gegn. Aðspurður hvort kaupendur myndu óska eftir því að ráðherra gefi verðið frjálst sagði Jón: „Allt er skárta en þetta.“

„Nú er bleik brugðið,“ sagði Óskar Vigfússon, formaður Sjó- mannasambands Íslands þegar ummæli Jóns voru borin undir hann. „Það er of seint í rassinn gripið. Búið er að ákveða verðið og við það verða menn að standa. Ég minni bara á að 1975 töldu sjómenn og útvegsmenn á sig hallað og allur flotinn sigldi í höfn. Þá gekk maður undir manns hönd



Gíslí Árni á loðnumiðunum í gær.

Morgunblaðið/Tómas Helgason

að sýna okkur fram á að ekki væri hægt að „taka upp“ verð eftir að það er ákveðið. Ef ríkis- valdið ætla að taka aðra stefnu núna, munu sjómenn svara því fullum hálsi.“ Sveinn Hjörtur minnstist einnig vertíðarinnar 1975 og taldi að með því hefði verið gefið ákveðið fordæmi.

„Ef loðnukaupendur ætla nú að leggja þungt á árar og fá loðnuverðið lækkað eftir 15. sept- ember þá eru þeir með því að stuðla að því að færa vinnsluna til útlanda,“ sagði Sverrir Leósson, eigandi Súlnnar á Akureyri. „Ég vil landa sem mestu hér, en ef ráðherra breytir verðinu mun engri loðnu verða landað.“ Sverrir sagðist fylgjandi frelsi í verðlagn- ingu, og þá sérstaklega á loðnu.

Kaupendur hefðu fyrr og nú stað- ið í veginum, en stunduðu síðan yfirborganir eftir að búið væri að ákveða verðið.

Á fundi eigenda loðnuverk- smiðja kom til umræðu hvort verksmiðjurnar ættu að hætta að taka á móti aflanum. Ákveðið var að bíða eftir fundinum með sjávar- útvegsráðherra, sem kom heim frá útlöndum í gær. Jón Reynir vildi halda öllum möguleikum op- num í stöðunni, en sagði að senni- lega gætu bráðabirgðalög ein höggvið á hnútin. „Ég get ekki sagt að ég sé hjartsýnn. Eftir að ráðherra er búinn að gefa okkur sitt svar höldum við annan fund. Ef ástandið breytist ekki, þurfum við að taka afstöðu til þess hvort verksmiðjunum verður lokað.“